

**Nd.**

**221. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um rafmagnsveitur.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og hefir stjórnin gert grein fyrir breytingum þeim, er það hafði að geyma frá lögnum nr. 28 frá 20. okt. 1913, í athugasemdum við frumvarpið. Það var lagt fram í efri deild og nefnd skipuð, er samið hefir nefndarálit á þingskjali 46. Nefndin rjedi til allmargra breytinga á frumvarpinu, bæði á efni og orðfæri, og tók það nokkrum stakka-skiptum í meðferð deildarinnar.

Vjer höfum borið frumvarpið, eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild, saman við stjórnarfrumvarpið og teljum breytingarnar til bóta.

Jafnvel þótt orðfæri frv. sje enn nokkuð ábótavant, hefir oss þó ekki sýnst að hera fram breytingartillögur, og ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 4. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson,  
formaður.

Benedikt Sveinsson,  
skrifari.

Einar Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.

Björn Hallsson.